

Niðurgreiðsla æfingagjalda utan Eyjafjarðarsveitar

Eyjafjarðarsveit veitir foreldrum / forráðamönnum barna og ungmenna á aldrinum 6-17 ára styrki vegna íþróttaiðkunar utan sveitarfélagsins. Frá og með 1. nóvember 2012 verður greiddur styrkur vegna barna sem fædd eru á árunum 1995 – 2006.

Meginmarkmið er að öllum börnum og ungmönnum í Eyjafjarðarsveit verði auðveldað að stunda þá íþrótt sem þau hafa ekki tök á að stunda hér í sveitarfélaginu.

Innleiðing niðurgreiðslunnar er aukinn stuðningur við fjölskyldur, eykur valfrelsi barna og ungmenna og stuðlar að jöfnuði.

Skilyrði fyrir veitingu niðurgreiðslu

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Eyjafjarðarsveit.
- Að styrkþegi verði á árinu á aldrinum 6-17 ára.
- Að um skipulagt starf/þjálfun sé að ræða í a.m.k. 10 vikur.
- Að ekki sé hægt að stunda íþróttina í sveitarfélaginu.
- Staðfesting á greiðslukvittun fylgi umsókn vegna niðurgreiðslu. Á greiðslukvittun komi eftirfarandi fram: Nafn og kennitala félags, dagsetning greiðslu, fyrir hvað er verið að greiða, æfingatímabil, nafn og kennitala iðkenda.
- Niðurgreiðsluna er ekki heimilt að færa milli ára. Niðurgreiðslan fellur niður sé ekki um hana sótt á því almanaksári sem iðkunin fer fram.

Reglur um notkun niðurgreiðslu

1. Til að unnt sé að nýta niðurgreiðsluna þarf að vera um að ræða skipulagt starf sem er stundað undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga.
2. Niðurgreiðsluna er ekki hægt að nýta til kaupa á þriggja til tólf mánaða kortum í líkamsræktarstöðvum.
3. Hvert barn getur fengið niðurgreiðslu vegna tveggja íþróttagreina, en framlagið getur þó aldrei orðið hærra en 10.000 kr. árið 2012.
4. Niðurgreiðsla sveitarfélagsins skal nema þeirri upphæð sem sveitarstjórn/íþróttanefnd ákveður á hverjum tíma.
5. Niðurgreiðslan getur aldrei orðið hærri en þátttökugjald viðkomandi íþróttagreinar.
6. Umsóknareyðublöð skulu liggja frammi á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.
7. **Framkvæmd endurgreiðslu**
Styrkumsækjandi skal skila inn umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9, 601 Akureyri. Styrkumsóknir eru teknar til afgreiðslu tvisvar á ári og styrkir greiddir uppfylli þeir ofangreind skilyrði. Afgreiðsla fer fram í maí og nóvember ár hvert.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 10.10.2012.